

Verkefnastjóri forvarna, ráðning

36 umsóknir bárust, þrjár aðilar Fjölskylduþjónustunnar fóru yfir umsóknir og mátu þær út frá lýsingu á starfinu. Þeir umsækjendur sem hæst komu úr því mati voru boðaðir í viðtal. Eftir yfirferð á umsóknum, viðtölum og mat á starfsreynslu var tekin ákvörðun um að ráða Guðbjörgu Magnúsdóttur frístundaráðgjafa í starf verkefnastjóra forvarna Hafnarfjarðarbæjar. Guðbjörg Magnúsdóttir er fædd árið 1976 og býr á Holtinu. Hún er með háskólapróf frá 1999 úr Mynd- og handíðaskóli Íslands.



Hún hefur starfað hjá Reykjavíkurborg síðan 1999 og starfar í dag sem frístundaráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Hún er vön mikilli þverfaglegri samvinnu og hefur starfað með ólíkum hópum, eins og foreldrum, ungmennaráði og innflytjendum og verkefnastýrt fjölmörgum verkefnum sem skarast á milli stofunum auk þess að hafa skipulagt viðburði, ráðstefnur, kynningar og ýmsar uppákomur.

Hún mun starfa í Húsinu, Staðarbergi og stýra því starfi sem þar fer fram og hafa aðsetur það. Einnig verður Mótorhúsið, vinna okkar á fjölskyldusviði vegna innflytjenda og forvarnastarf okkar auka annarra verkefna í hennar umsjá. Hún verður í stjórnendateymi ÍTH ásamt starfsmönnum skrifstofu tómstundamála.

Guðbjörg er byrjuð að funda með okkur og kynna sér starfið. Hún mun hefja störf á næstu vikum.

Geir Bjarnason